

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Sauðárkróks.

### I. RAFORKA.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti A-1	Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum . . . . .	kr.	6,64 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
A-2	Orka til lýsingar þar sem mælingu verður ekki við komið (lágmark 2 kW) . . . . .	-	20 307,00 árskw
Taxti B-1	Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana . . . . .	-	6,64 kWh
	Leiga af mælum ekki tekin.		
Taxti C-1	Orka til mannvirkjagerðar . . . . .	-	9,98 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
C-2	Orka samkv. 15 mín. meðalafsmælingu . . . . .	-	2,21 kWh
	+ aflgjald (lágmark 20 kW) . . . . .	-	8 609,00 árskw
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
	Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.		
	Hitun:		
Taxti D-1	Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag, án söluskatts . . . . .	-	1,89 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D-2	Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst á dag . . . . .	-	2,21 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
D-3	Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring . . . . .	-	2,01 kWh
	Mælaleiga samkv. kafla II.		
	Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:		
	Minnsta ársnotkun sé 6000 kWh.		

### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

### II. MÆLALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 A og minna . . . . . kr. 33,00 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 A og minna . . . . . - 56,00 á mán.
- Af þrífasa mælum 50-100 A . . . . . - 79,00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Jarðstrengur yfirlengd kr/m
63 A 1-fasa . . . . .	34 600,00	1 104,00
63 A 3-fasa . . . . .	40 000,00	1 104,00
100 A 3-fasa . . . . .	52 900,00	1 515,00
125 A 3-fasa . . . . .	67 000,00	1 706,00
200 A 3-fasa . . . . .	103 700,00	2 290,00
300 A 3-fasa . . . . .	152 300,00	4 147,00

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast skv. kostnaði.

Af loftínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60–200 A reiknast frá aðaltöflu að götugreiniskáp.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjolsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæði – uppsteypt hús – er lagt rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir að opna á ný kr. 474,00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt skrifstofu rafveitunnar kr. 474,00. Söluskattur 25% er talinn með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema í texta D–1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. mars 1989 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 71, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 389, 25. júlí 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.*

F. h. r.  
Páll Flygenring.

*Guðrún Skúladóttir.*